

## GJALDSKRÁ

**fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.**

## 1. gr.

*Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

## 2. gr.

*Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,205% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

## 3. gr.

*Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

## 4. gr.

*Aukavatnsgjald.*

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisþarfa greiða aukavatnsgjald sem hér segir:

Fyrstu 150.000 m <sup>3</sup>	47 kr./m <sup>3</sup>
-------------------------------	-----------------------

Þegar notkun einstakra lögaðila fer yfir 150.000 m<sup>3</sup> á ári verða gerðir sérsamningar um verð fyrir umframmagn.

## 5. gr.

*Mælaleiga.*

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	9.569 kr.
20-24 mm	13.480 kr.
25-31 mm	16.961 kr.
32-39 mm	20.262 kr.
40-49 mm	27.103 kr.
50-74 mm	81.442 kr.
75-99 mm	88.247 kr.
100 mm og stærri	95.065 kr.

## 6. gr.

*Heimæðargjald.*

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	364.334 kr.	7.794 kr./m
40 mm	473.097 kr.	8.882 kr./m
50 mm	638.044 kr.	9.971 kr./m
63 mm	895.434 kr.	12.324 kr./m
75 mm	1.252.510 kr.	17.213 kr./m
90 mm	1.515.117 kr.	27.182 kr./m

Nr. 1345

5. desember 2019

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi. Ef farið er með heimtaug í gegnum frágengna lóð greiðir húseigandi frágang samkvæmt kostnaðarverði. Ef frost/klöpp er í jörðu er heimilt að innheimta 25% viðbótarálag.

7. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 1213/2018.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 5. desember 2019.*

**Guðmundur Gunnarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2020